



Ef dánarbúið hefur með höndum atvinnurekstur þá skal gera grein fyrir honum á skattframtali rekstraraðila, RSK 1.04. Færa skal niðurstöðutölur af því inn á þetta eyðublað. Söluhagnaði hlutabréfa skal gera grein fyrir á eyðublaði RSK 3.19. Söluhagnaði fasteigna skal gera grein fyrir á eyðublaði RSK 3.02. Greinargerðir þessar skulu fylgja framtali. Sundurliða skal innstæður í bönkum og sparisjóðum og hlutabréfaeign í töflum hér að neðan. Ef frekari sundurliðunar er þörf skal nota eyðublað RSK 3.01.

### Greinargerð um eignabreytingar og athugasemdir framteljanda


Innstæður í bönkum og sparisjóðum			Vaxtatekjur	Eign í árslok
			kr.	kr.
			kr.	kr.
			kr.	kr.
			kr.	kr.
<b>Samtals</b>	Staðgreiðsla af vaxtatekjum	kr.	kr.	kr.

Hlutabréf og stofnfjárbréf sparisjóða			Arður	Eign í árslok
			kr.	kr.
			kr.	kr.
			kr.	kr.
			kr.	kr.
<b>Samtals</b>	Staðgreiðsla af arði	kr.	kr.	kr.

### Úr lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt

#### Úr 2. gr.

Skylda til að greiða tekjuskatt af öllum tekjum sínum, hvar sem þeirra er aflað, hvílir á eftirtöldum lögaðilum sem heimilisfastir eru hér á landi:

- Öðrum félögum, sjóðum og stofnunum, þar með töldum sjálfseignarstofnunum, sem hér eiga heimili, sbr. þó 5. og 6. tölul. 4. gr., svo og dánarbúum og þrotabúum.

#### Úr 1., 2. og 3. mgr. 71. gr.

Tekjuskattur lögaðila skv. 1. og 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. skal vera 20% af tekjuskattsstofni, sbr. 2. tölul. 61. gr.

Tekjuskattur annarra lögaðila, sbr. 3., 4. og 5. tölul. 1. mgr. 2. gr., skal vera 37,6% af tekjuskattsstofni, sbr. 2. tölul. 61. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. skal tekjuskattur þeirra lögaðila er greinir í 3., 4. og 5. tölul. 1. mgr. 2. gr. af fengnum arði skv. 4. tölul. C-liðar 7. gr. vera 22% af þessum tekjum.

#### 2. mgr. 90. gr.

Framtalssskyldan hvílir á hverjum manni. Fjárhaldsmenn skulu telja fram fyrir þá sem ekki eru fjárráða. Erfingjar skulu telja fram fyrir bú sem er undir einkaskiptum. Skiptastjórar skulu telja fram fyrir þrotabú og dánarbú. Skattframtölin skulu undirrituð af þeim sem framtalssskyldan hvílir á. Skattframtal bókhaldsskylds aðila skal undirritað af þeim sem bera ábyrgð á að ákvæðum laga um bókhald sé fullnægt.

#### 2. mgr. 116. gr.

Peir, sem hafa á hendi fjárföræði ólöggráða manna, bera ábyrgð á skattgreiðslum þeirra. Eigendur sameignarfélags, sem er sjálfstæður skattaðili, bera óskipta ábyrgð á skattgreiðslum þess. Erfingjar í dánarbúi, sem skipt er einkaskiptum, bera óskipta ábyrgð á skattgreiðslum hins látna og dánarbúsins. Stjórnarmenn félaga, sjóða og stofnana, sbr. 5. tl. 1. mgr. 2. gr. og 4. tl. 3. gr., bera óskipta ábyrgð á skattgreiðslum þessara lögaðila.